

**Ed.**

**331. Nefndarállt**

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 20, 22. maí 1890, um innheimtu og meðferð á kirknafje.

Frá mentamálanefnd.

Eins og frumvarp þetta er stutt, eins óbrotið er það að efni til. Eini tilgangur frumvarpsins er sá, að veita kirkjum þeim, sem samkvæmt lögnum frá 22. maí 1890 eru skyldar til að leggja fje sitt í hinn almenna kirkjusjóð, fulla tryggingu fyrir, að það þurfi eigi að tapast eða skerðast fyrir sjerstök óhöpp eða óvarkárni. Þessa tryggingu álitur nefndin skylt að láta hinum einstöku kirkjum eða forráðamönnum þeirra í tje til jafnvægis þeirri kvöð, sem á þeim hvílir, að hafa fje sitt inni í hinum almenna kirkjusjóði, enda þótt í boði sje bæði hærri vextir og fyllri trygging en nú á sjer stað. — Hins vegar telur nefndin ekki hjer vera um svo stórfelda ábyrgð að ræða frá landssjóðs hálfu, að það geti haft nokkra verulega fjárhagslega þýðingu fyrir hann, þar sem allur kirkjusjóðurinn er ekki fullar hálfst annað hundrad þúsundir króna, og vitanlega þótt eitthvert tap kynni í framtíðinni að bera að höndum, þá gæti það aldrei orðið nema að eins örlítið brot af honum.

Þá þykir og nefndinni rjett, að ekki svifi það á neinn hátt í lausu lofti, hve nær sú ábyrgð landssjóðs, er hjer um ræðir, skuli í gildi ganga, heldur sje það beinlinis dagsett eða fastákveðið eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, þar sem til er tekinn 1. jan. 1918. Og liggur þá í hlutarins eðli, að ábyrgð landssjóðsins kemur til að ná, ef frumvarpið verður samþykkt, til alls þess fjár, sem hinn almenni kirkjusjóður á í útlánum við byrjun næsta reikningsárs, en ekki til þess fjár — ef nokkurt er — sem, þá er ársreikningur sjóðsins er gerður, verður að teljast sem tapað fje.

Að þessu athuguðu verður þannig nefndin að leggja það til, að frumvarpið sje samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. ágúst 1917.

Guðm. Ólafsson,  
form.

Eggert Pálsson,  
ritari.

Magnús Torfason.